



# Frumvarp til laga um breytingar á framfærslulögum 1935 og frumvarpið með breytingum Bjarna Benediktssonar

Bjarni Benediktsson – Frumvarp til laga um breytingar á framfærslulögum 1935 og frumvarpið með  
breytingum Bjarna Benediktssonar – Framfærslusveit – Stjúpfaðir – Afplána fúlguna – Vinnuhæli -  
Meðlag

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

[bjarnibenediktsson.is](http://bjarnibenediktsson.is)

Einkaskjalasafn nr. 360  
Stjórnmálamaðurinn  
Askja 2-3, Örk 2

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Afh. 50. op. óháttal.

## F r u m v a r p

til laga um breyting á framfærslulögum nr. 135, 31. desember 1935.

### 1. gr. ~~væntand - við 362~~

Aftan við fyrri málsgrein 4. gr. laganna bætist:

Framfærslusveit barnsföður er eigi skylt að greiða meðlag með barni hans, nema stjúpfaðir barnsins sé framfærsluþurfi.

### 2. gr.

Aftan við 6. gr. bætist:

~~samh.~~

Sama skylda hvílir á kjörforeldrum og kjörbörnnum.

Aftan við sömu grein bætist ný málsgrein svohljóðandi:

Nú færast foreldrar eða börn undan að inna þessar skyldur af hendi, og er þá framfærslunefndum skylt að krefjast úrskurðar yfirvalds um getu þeirra og meðlagsgreiðslur. Úrskurði yfirvalds má, innan 6 vikna frá birtingu, áfrýja til atvinnumálaráðherra.

Breytist hagur hlutaðeigenda, má krefjast nýs úrskurðar.

~~Lögtabsveitun a met löguun.~~

### 3. gr.

Aftan við 13. gr. komi:

~~Afh. 3. með jötug. að  
sæði met. meðum tveimur dæi alveg frá  
framfærslunefndum.~~

nema bólfestan sé tekin samkvæmt ráðstöfun framfærslunefndar eða hreppsnefndar.

### 4. gr.

~~Afh. 315, 2. með. , hvert með  
því sé dæi að öðruhl. lögg  
framfærslunefndar að meðan.~~

21. gr. orðist pannig:

X

Nú er manni, sem á framfærslurétt hér á landi, veittur framfærslustyrkur hjá sendiherra Íslands í Kaupmannahöfn eða hjá öðrum umboðsmönnum ríkisins erlendis, og skal þá greiða þann styrk úr ríkissjóði. Kostnaður við heimflutning frá útlöndum greiðist sömuleiðis úr ríkissjóði fyrir þann styrkþega og skyldulið hans, sem ofangreindir umboðsmenn annast, ef kostnaðurinn fæst ekki á annan hátt greiddur.

### 5. gr.

22. grein laganna orðist pannig:

~~Afh. hvert dæi sé rétt að  
lita bejarstj. eða aukverum~~

Pegar ekkja, sem rétt á til framfærslu hér á landi og börn hefir á framfæri sínu, eitt eða fleiri, á við þau kjör að

búa, að hún er ekki einfær um að kosta framfærslu og uppeldi þeirra, á hún rétt á, að valdamaður úrskurði henni meðlag samkvæmt lögum þessum, enda hafi viðkomandi framfærslunefnd eða hreppsnefnd mælt með beiðni hennar um það.

6. gr.

24. gr. laganna orðist pannig: X

Upphæð meðlags samkvæmt hverjum meðlagsúrskurði skal vera jöfn meðalmeðlagi í þeirri sveit eða kaupstað, sem barnið á heimili í.

7. gr.

Aftan við síðari málsgrein 33. gr. komi:

Eigi að síður er sjúklingum sjálfum eða frámfærslumanni hans skyldt að greiða, eða endurgreiða, sjúkrakostnaðinn, að svo miklu leyti, sem honum er unnt, og má skjóta mati á getu hans til úrskurðar yfirvalds og áfrýja þeim úrskurði - innan 6 vikna frá birtingu - til atvinnumálaráðherra.

8. gr. X

Síðasta málsgrein 41. gr. orðist pannig:

Ekki má sveitarstjórn skilja hjón samvistum án leyfis þeirra, nema um stundarsakir sé, vegna atvinnusóknar.

9. gr. X

Aftan við aðra málsgrein 48. gr. komi:

Skylt er kaupgreiðanda eða atvinnurekanda að greiða sveitar-~~þóðu~~ <sup>þóðu</sup> sveitarstjórn, ef hún krefst, kaup eða aflahlut frámfærslupurfa, sem hún telur ekki kunna með fé að fara. Leitað getur framfærslupurfi úrskurðar yfirvalds, ef hann telur sig misrétti beittan, og má skjóta þeim úrskurði til atvinnumálaráðherra.

10. gr.

50. gr. orðist pannig:

Sá, sem þiggur frámfærslustyrk og er þó vinnufær, er skyldur að fara, hvert á land sem er, í viðunanlega vist ~~eða~~ til atvinnureksturs við viðunanleg skilyrði ~~þó~~ og vinna hverja þá vinnu, sem sveitarstjórn ákveður og honum er ekki um megn, meðan hann er ekki fær um, án sveitarstyrks, að framfleyta sér og þeim, er hann

ärslund: Lägregisterna må skjuta till  
växthuset.

eda winnukeli, seu varumus *Seyni*  
et reber.

Ath. vitivög of storkes en leuven met  
sikken etc of storkes mat in skei  
; storkes vinner

á fram að færa að lögum. Ákvæði sveitarstjórnar er hann skyldur til að hlýða fyrst um sinn, enda þó hann vilji ekki kannast við, að vist sú eða vinna sé viðunanleg, er honum var boðin, en málid getur hann jafnframt kært fyrir lögreglustjóra, ~~þer~~ sker úr því, eftir að hafa leitað álits tveggja óvilhallra manna og verklýðsfélags á staðnum, ef slíkt er til.

A sama hátt getur framfærslusveit styrkpega látið hann vinna af sér barnsfúlgu þá, er hún hefir orðið að borga með barni hans skilgetnu eða óskilgetnu, hafi hann ekki fyrir konu og börnum að sjá ~~eða~~ látið hann afplána fúlguna í fangelsi við venjulegt fangayiðurværi og við skylduvinnu á vinnuhæli ríkisins, og ákveður hlutað-eigandi lögreglustjóri með úrskurði, hve lengi fangelsisvistin skuli standa, þó svo, að í stað hverra 200 kr. komi aldrei meira en 20 daga fangelsi.

Arður af vinnu fangans fellur til ríkissjóðs, enda greiði hann kostnað allan af fangelsisvistinni.

Nú hefir framfærslusveit ekki fengið meðlag greitt fyrir pá sök, að ókunnugt hefir verið um dvalarstað greiðanda, eða hann hefir komist undan lagaaðförum, og er þá þeirri sveit, sem ekki hefir fengið styrk sinn endurgoldinn, heimilt, er greiðandi kemur síðar fram, að ganga að þeim framfærsluhéruðum, er hann kann að hafa átt, meðan ekki náðist til hans.

11. gr.

Aftan við 1. málsgrein 55. gr. komi: X

Kröfu um endurgreiðslu skal gefa út innan 6 vikna frá styrkveitingunni, ella fellur kröfurétturinn niður.

12. gr. X

Í stað síðustu málsgreinar 58. gr. komi ný málsgrein svohljóðandi:

Það framfærsluhérað, sem barnsfaðirinn á lögheimili í, þegar barnsmeðlagið fellur í gjalddaga, skal inna endurgreiðsluna af hendi.

13. gr.

59. gr. orðist pannig:

Skylt er barnsföður að endurgreiða meðlag með barni sínu - skilgetnu eða óskilgetnu - heimilissveit sinni eða þeirri sveit,

er greitt hefir það fyrir hann til dvalarsveitar barnsins, móður þess eða annars framfærslumanns, sé hann þess umkominn að domi hreppsnefndar eða bæjarstjórnar.

Skylt er kaupgreiðanda eða atvinnurekanda að greiða sveitarstjórn [eða bæjarstjórn] samkvæmt kröfu hennar kaup eða aflahlut manna þeirra, er um ræðir í 1. málsgrein, til lúkningar úrskurðuðum meðlögum.

Nú vanrækir kaupgreiðandi eða atvinnurekandi að verða við slíkri kröfu, og ber hann þá ábyrgð gagnvart sveitarstjórn [eða bæjarstjórn] á meðlagsskuldinni alt að þeirri upphæð, er hann hefir greitt barnsföður, eftir að krafa sveitar- [eða bæjarstjórnar] barst honum.

14. gr.

62. gr. orðist pannig:

X

Nú giftist móðir barns, er meðlag hefir tekið skv. meðlagsúrskurði, og fellur þá sjálfkrafa úr gildi réttur hennar til að krefjast meðlagsgreiðslna af heimilissveit sinni, nema svo sé ástatt, sem segir í niðurlagi 4. gr, 1. mygr. 15. gr. Árs. um, at ekki ferk. hvordi ekki 65. gr. orðist pannig:

Nú hefir purfamanni eða atvinnuleysingja verið ráðstafað af framfærslunefnd eða hreppsnefnd í annað framfærsluhérað, og vinnur hann sér þá eigi sveit í hinu nýja héraði, fyr en í fyrsta lagi að 5 árum liðnum. Ber þeirri sveit, er ráðstafaði honum til dvalar, að kosta framfærslu hans fyrstu 4 árin, ef með þarf, hvort sem hann þarf árlegan styrk eða ekki, og eftirleiðis meðan hann þarf árlegan framfærslustyrk. Komist innflytjandinn af árlangt án styrks, eftir að 4 ára dvölinni er lokið, öðlast hann framfærslurétt í dvalarsveitinni.

Dvalarsveit er skylt að greiða innflytjandanum nauðsynlegan styrk, ef hann óskar þess fremur en að hafa bein skifti við framfærsluhérað sitt, en skylt er framfærsluhéraði að endurgreiða þann styrk að fullu. Ber atvinnumálaráðuneytið ábyrgð á skilsamlegri endurgreiðslu styrksins til dvalarsveitarinnar, ef ráðstöfunin hefir verið gerð með vitund þess og samþykki.

16. gr.

Upphaf 66 greinar orðist þannig:

Nú þarfnaður framfærslustyrks áður en 4 mánudír  
eru liðinir frá því hann fluttist til þess framfærsluhéraðs, er  
hann á heima í, án þess um ráðstöfun skv. 65. gr. sé að ræða, og  
skal þá hreppsnefnd eða framfærslunefnd láta valdsmann rannsaka  
eftirfarandi atriði:

17. gr.

1. málsgr. 67. gr. breytist þannig, að á eftir orðunum: "í aðra  
sveit" komi sem innskot: að því er ætla má - - .

Og sömuleiðis í stað orðanna: "fyrstu 3 árin" komi: fyrstu 10  
árin.

18. gr.

68. gr. breytist þannig, að í stað orðanna: "í því augnamiði"  
komi: að því er ætla má í þeim tilgangi - - .

19. gr.

Í 70 gr. laganna falli niður setningarnar:

"og loks um skattmat allra fasteigna í hverjum hreppi,  
sem skatt ber að greiða af síðastliðið ár".

20. gr.

72. gr. laganna hljóði þannig:

Eftir skýrslum þeim, sem um getur í 70. gr., reiknar  
atvinnumálaráðuneytið út, hver er meðalframfærslukostnaður í  
hvorum jöfnunarflokknum fyrir sig. Skal það gert á þann hátt, að  
miða að  $\frac{1}{6}$  hluta við tölu karla og kvenna á aldrinum frá 18-60  
ára, að  $\frac{1}{2}$  hluta við skattskyldar tekjur og að  $\frac{1}{3}$  hluta við skuld-  
lausar eignir.

21. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

22. gr.

Þegar lög þessi hafa öðlast staðfestingu konungs, skal  
færa þau inn í meginmál framfærslulaga nr. 135, 31. desember 1935,  
og gefa þau út svo breytt.

### Greinargerð.

Við framkvæmd framfærslulaganna frá 1935 hafa komið í ljós annmarkar á þeim, sem frumvarp þetta á að ráða verulega bót á, ef það verður að lögum.

Þá er og sýnt, að fátækryðin, á einstökum héruðum og á þjóðinni í heild, er svo þung, að hefjast verður handa til úrbótar.

Nýja framkvæmd þjóðholla og skynsamlega verður að hefja. Sú framkvæmd verður ekki búin til með lögum, en lagastafirnir mega ekki vera henni til fyrirstöðu. Þvert á móti verður hún að eiga stoð í lögum. Breytingar þær, sem í frumvarpinu felast, eru miðaðar við það að búa nýrri framkvæmd þannig í hendur.

-----

Athugasemdir og skýringar við einstakar greinar.

#### Um 1. gr.

Sjálfsagt er að fyrsta skylda hvíli á föður að gefa með barni. Þrjóti hann, komi til stjúpföðurskyldunnar. Verði stjúpfaðir ósjálfbjarga, sé framfærslusveit föðurins fyrst kræf.

Þetta mun og vera í samræmi við hæstaréttardóm, en ekki ljóst af lögunum, eins og nú eru þau.

#### Um 2. gr.

Aðalatriðið þetta: Lögin verða að bera skýrt með sér skyldur foreldra og barna. Nú algengt, að skyldan sé vanrækt. Jafnvel ekki dæmalaust, að hálaunamenn láti foreldri þiggja. Rétt þykir að skylda framfærslunefndir, til að krefjast úrskurðar, því þær hafa sýnilega gengið linlega fram í þessu efni.

#### Um 3. gr.

Viðbót þessi er til samræmis við ákvæði 15. og 16. gr. þessa frumvarps.

#### Um 4. gr.

Eftir nágildandi 21. gr. framfærslulaganna gengur ís-

lenska ríkið lengra en önnur ríki í því að taka á sig framfærslu-skyldu íslendinga erlendis.

Í frumvarpinu er greinin færð til samræmis við alþjóða-reglur.

Um 5. gr.

Grein þessi felur í sér breytingu á þá leið að gera valdsmann nokkru háðari álíti framfærslunefndar um þörf ekkju fyrir meðlag. Er þetta upptekið að gefnu tilefni reynslunnar í hinum fjölmennari bæjum.

Um 6. gr.

Í greininni er lagt til, að meðlagsupphæð í úrskurði verði miðuð við meðalmeðlag í dvalarsveit barns, en ekki dvalar-sveit móður, ef ekki er um sömu sveit að ráða. Er það auðskiljan-lega réttlátara og í samræmi við reglur um greiðslur annara meðлага.

7. gr.

Þessi viðbót 33. gr. er byggð á þeirri reynslu, að margir hafa misskilið greinina, eins og hún er og litið svo á, að ábyrgðar-skyldur framfærsluhéraðs fyrir sjúka menn sé sama og endanleg greiðsluskylda.

8. gr.

Breytingin á að útiloka það, að giftur maður geti neitað að fara að heiman t.d. í vegavinnu eða í ver.

9. gr.

Þessi viðbót 48. greinar nágildandi laga þarf varla skýringar.- Framfærslunefndir verða að fá rétt til þess að ráða yfir aflafé manna, sem ekki kunna með fé að fara og eru á sveit. Fjárræðissvifting sú, sem gert er ráð fyrir í 49. gr., er hvort-tveggja fyrirhafnarsöm og óhagkvæm í ýmsum tilfellum, enda upp-lýst af framfærslunefndum, að hún hefir ekki verið notuð, þrátt fyrir nauðsyn á takmörkun fjárráða margra þurfamanna.

10. gr.

Aðalbreytingarnar eru:

A. Orðin: "og greidd með venjulegu kaupgjaldi á þeim stað" falli niður. Þessi orð geta verið því til fyrirstöðu, að

sveitarstjórn geti komið annmarkamanni lítt verkhæfum, að vinnu, en eru óþörf, þar sem þurðumanninum er tryggt síðar í greininni, að mál hans komi fyrir valdsmann, verklýðsíðlag og 2 óvilhalla menn, ef hann telur sig misrétti beittan.

B. Þurðumanni er gert að skyldu að fara hvert á land sem er í viðunanlega vist eða til atvinnureksturs við viðunanleg atvinnuskilyrði, eftir ráðstöfun framfærslunefndar.

Petta eru nauðsynleg ákvæði, því telja má fullt útlit fyrir að flytja verði fólk með valdboðum af flæðiskerjum, sem það hópast á, til bjarglegri staða.

C. Að gefnu tilefni eru hér upp tekin skýr ákvæði um, að önnur málsgr. 50. gr. nág. laga nær jafnt til feðra skilgetinna og óskilgetinna barna.

D. Í síðustu málsgrein er framfærsluhéraði, sem orðið hefir að greiða barnsmeðlag fyrir mann, sem tafir hafa orðið við að fá vitneskju um, hvar dvalið hefir, heimilað að ganga að þeim framfærsluhérubum, þó fleiri séu, sem barnsfaðir hefir átt, meðan á eftirgrenslan stóð. Petta er eðlilegt ákvæði, sem vantað hefir.

Um 11. gr.

Hér er endurgreiðslukröfu settur fyrningarfrestur, sem vantað hefir.

Um 12. gr.

Breytingin skýrir sig sjálf. Réttara að það framfærsluhérað greiði fyrir manninn, sem var ábyrgðarskylt, þegar meðlagið féll í gjalddaga, heldur en að hann dragi með sér skuld og ábyrgðarskyldu frá einu héraði í annað.

Um 13. gr.

Reynsla hefir sýnt, að margir barnsfeður reyna að svíkjast undan því að gefa með börnum sínum. Er með tillögu þessari um breytingar á 59. gr. fátækralaganna allmikið bætt að staða oddvita og bæjarstjóra til þess að innheimta meðlög hér í þeim.

Um 14. gr.

Breyting þessi á 62. gr. framfærslulaganna er miðuð við það, að móðir, er giftist, geti ekki krafid framfærslusveit

barnsföður síns um meðlag, nema stjúpfaðir þess verði sveitarpurfi. Er þetta til samræmis við tillögu í 1. gr. þessa frumvarps. Hversvegna ætti að veita rétt til meðlags af almannafé fólk, sem þarfnaðst þess ekki?

Um 15. gr.

Grein þessi er byggð upp með tilliti til þeirrar nauðsynjar, er virðist vera fyrir hendi og með ári hverju færast í aukana, að fólk verði ráðstafað frá byggðarlögum, sem ekki veita því lífsskilyrði, á staði, sem eru vánlegri fyrir það til sjálfbjargar. Má benda á, að skynsamlegt gæti verið að ráðstafa einhverjum af atvinmuleysingjum og þurfamönnum bæjanna í byggðahverfi við góð skilyrði í sveit.

Ef þvílikir fólksflutningar yrðu uppteknir, væri ekki rétt, að á innflutningshéraðið féllestrax framfærsluskylda fólksins. Er í greininni leitast við að finna eðlilegt form fyrir slíku, er bæði sé til öryggis fyrir dvalarsveitina og hið fátæka fólk.

Akvæðið um ábyrgð ráðuneytisins er sett, af því líklegt má telja, að afskifti yfirstjórnar fátækramálanna komi til, ef um meiriháttar flutninga fólks yrði að ræða, og hinsvegar oft torvelt fyrir dvalarsveit að ná útlögðu fé hjá framfærslusveit, einkum ef um langan veg er að sækja.

Um 16. gr.

Breytingin er sú, að inn í greinina er tekin nauðsynleg tilvitnun í næstu grein á undan.

Um 17. gr.

Vegna þess að örðugt mun í flestum tilfellum að fullsanna tilgang sveitarstjórna eða annara áhrifamanna, sem stuðla að flutningi styrkpega milli framfærsluhéraða, er hér lagt til, að sönnunarþyrðin sé gerð auðveldari með því, að tekin séu upp í greinina orðin: "að því er ætla má".

Jafnframt er lagt til, að aukin sé hegning sú, er við liggur, ef styrkpegi er með undirferli fluttur inn í annað framfærsluhérað þriggja ára framfærsluskylda er of lítil hegning.

Tíu ár virðast hæfilegri tími og í samræmi við ákvæði, sem frumvarp þetta leggur til, að tekið verði upp í 65. gr.

Um 18. gr.

Breytingin er í samræmi við breytingu þá, sem lagt er til, að gerð verði á 1. málsg. 67. greinar laganna.

Um 19. gr.

Breytingin er í samræmi við tillögu þá, sem kemur fram í 20. grein frumvarpsins um breytingu á 72. grein gildandi laga.

Um 20. gr.

Grundvöllur sá, sem 72. gr. gildandi laga fyrirskipar við útreikning tillags úr Jöfnunarsjóði, er ekki eðlilegur.

Ahrifagildi þeirra stofna, sem þær er miðað við, er ekki í réttum hlutföllum við raunverulegt gildi þeirra, sem tekjustofna fyrir bæjar- og sveitarfélögin.

Mannfjöldinn er neikvæður tekjustofn að því leyti, sem mennirnir eru þurfamenn, og hefir augsýnilega of mikil áhrif við útreikninginn.

Skattskyldar tekjur eru besti álögustofninn fyrir hvern bæ og sveit, og ættu því að verka hlutfallslega næst.

Skuldlausar eignir eru annar besti tekjustofninn og ættu því að ganga næst skattskyldum tekjum að hlutfallsáhrifum.

Fasteignir eru að vísu dálítið notaðar, sem mælikvarði fyrir gjaldskylda til bæjar og sveitar, en þær eru ekki mælikvarði á gjaldbolið, og eru líka innifaldar í skuldlausum eignum að því leyti, sem þær eru ekki á kafi í skuldum. Áhrif þeirra verða því óheilbrigð. Réttara að fella niður að miða við þær.

Breytingartillaga frumvarpsins um, að miðað sé að  $\frac{1}{6}$  hluta við mannfjölda, á aldri frá 18-60 ára,  $\frac{1}{2}$  hluta við skattskyldar tekjur og  $\frac{1}{3}$  hluta við skuldlausar eignir, er byggð á því, að með því sé þessum stofnum gefið eðlilegra áhrifavalda og miklu nær því komist, en áður var, að skifta fé Jöfnunarsjóðsins samkvæmt tilgangi hans.

Um 21. gr.

Engin ástæða er til þess að draga gildistöku laganna.

Um 22. gr.

Nauðsynlegt er að Framfærslulögin séu til í einni heild.

Reykjavík, 16. febr. 1939.

Karl Kristjánsson.

Fridjón Skarphéðinsson

Ólafur Sveinbjörnsson

Benedikt Guttormsson

með fyrirvara um 19. og 20. gr.

30.3.

- 1) Síða einn allskerjans í sem gáfu framt  
hefti: innanverðurarsýningi og -úthlutur  
leggjast aðeins.
- 2) Síða meint meitunfléttu geta ~~þó~~ heft  
innanverðingar en at myndumum sé  
heft at skipta til afinstjórnar.

Begar skygnt er um eftir úrræðum til bóta á því  
ástandi, sem nú er, verður einna fyrst fyrir að athuga,  
hvort ekki sé rétt að gera landið alt að einu fram-  
fersluhéraði. Afnám sveitfestitímans, sem ákveðið var  
með framferslulögnum 1935, sýnist mjög stuðla að því,  
að þessi skipun væri upp tekin. Þá raunar segja, að fyrir  
henni votti í ákvæðum laga 1935 um Jöfnunarsjóð, sem  
ætlaður er til þess að jafna kostnað milli framferslu-  
héraðs. Um það er að vísu deilt, hvort sú jöfnun sé  
fyllilega réttlát, og er því einkum haldið fram af  
Reykjavíkur hálfu, að svo sé ekki. Þn hætt er við, að sú  
skipun, sem allir teljá réttláta, finnist seint í þessum  
efnum. Og ef sveitarstjórnir eiga að halda áfram meðferð  
þessara mála, svo sem hér á landi hefur ætið verið, þá  
er ljóst, að einkverskonsar jöfnunarsjóður hlýtur að vera  
einkenni þess, að í reuni og veru sé landið eitt fram-  
fersluhérað. Þa ef ríkið sjálft á að taka þessi mál í  
sínsar hendur og framferslustyrkir eiga beint að greiðast  
úr ríkssjóði fyrir milligöngu stjórnskipaðra manna um  
land alt, er tvímmlalsust, að þessu mundi fylgja slik  
röskun á allri vald- og tekjuskiftingu ríkis- og sveitar-  
stjórnna, að slíku verður ekki á komið fyrr en eftir miklu  
rekilegri lhugun, en nú hefur verið kostur á. Enda er það  
ljóst, að þótt landið alt væri gert eitt framfersluhérað,  
þá er þar með engan veginn leystur sá vandi, hvernig eigi  
að sporna gegn þeirri hættu, sem þjóðfélaginu öllu staðar  
af hinum óeðlilegu flutningum fólks til einstakra staða  
í landinu.

Annað úrræði, sem til athugunar hefur komið, er að  
taka af nýju upp sveitfestina. Á.m.k. einn nefndarmanna,  
Bjarni Benediktsson, telur meðilegt, að svo væri gert.

Þessum aðilum eru síðan ógildi hættu, en mikill  
og kynntum sín einslega mynd að mið ferðum að meðal  
um sínum, ef þau eru þessi umhverfa, eru og, að ekki

Síkt hefur samt ekki þótt fárt, enda sveitfestitíminn afnuminn 1935 vegna þess, að hann þótti ekki framar við eiga. Mundí sveitfestitími heldur ekki getað sporsað gegn því atvinnuleysisböli, sem stafar af hinum óeðlilegu fólksflutningum byggðarlagu á milli.

Að öllu þessu athuguðu hefur þótt réttast að láta meginatfíði framferslulaga frá 1935 haldast enn um sinn óbreytt, en reyna að sníða af helstu van-kantana. Má þar til einkum telja ákvæðin um, að þeir, sem þegar hefa þegið af sveit, skifta yfirleitt um framferslusveit jafnskjótt og þeir flytja. Ennfremsur að vald sveitarstjórna er nú um of skert, svo að erfioðara er um heppilega framkvæmd en ella mundí. Jafnfraamt því, sem tillögur eru bornar fram til að bæta úr þessu, er svo gert ráð fyrir, að flutt verði sérstakt frumvarp til þess að koma í veg fyrir tjón af óeðlilegum flutningum fólks á milli byggðarlagu.

Nefndin hefur tekið til athugunar ýmsar aðrar breytingar heldur en hér koma fram, þó að ekki hefi orðið samskomulag um þær. T.d. álítur Sverrir Gíslason, að regla sú, sem sett er í 72.gr. framferslulaga um jöfnun framferslukostnaðar, ætti meira að miðast við skattskyldar tekjur og skuldlausar eignir en nú er. Þá hefur Jón Brynjólfsson talið ástæðulaust nema því aðeins, að 72.gr. væri breytt, að breyta ákv. 73.gr. í þá átt, að Reykjavík komist undir sömu jöfnunarákvæði og og önnur sveitarfélög.

Um einstakar greinar frumvarpsins er þetta að segja:

Um leggur til. Um l. gr.

Þær sem kjörforeldri er skyld að ala upp og framfara kjörbarn sem sitt eigið barn, þykir eðlilegt, að kjörbörn séu einnig skyld að sjá fyrir kjörforeldrum sínum, ef þau eru þess umkomin, svo og, að kjör-

foreldri sé með sama skilyrði skylt að sjá fyrir kjörbarni sínu, þótt það sé orðið 16 ára. Aftur á móti hefur ekki þótt ástæða til að taka upp samskonar ákvæði um stjúpbörn, þar sem alt getur verið óvissara um samband þeirra og stjúpforeldris.

Um 2. gr.

Eftir nágildandi ákvæðum losnar framfærslunaður alveg undan framfærsluskyldu sinni, ef styrkþegi að ástæðulausu neitar að setjast að á heimili hans. Með þessu er mjög ýtt undir, að tylliástæður sé nu fram bornar af hálfu styrkþega til þess að velte framfærsluskyldunni af vandamanni hans og yfir á sveitina. Slikt er ótekt og því sjálfsagt að fella 3. mgr. 7. gr. framfærslulaganna úr gildi þegar af þeirri ástæðu.

En um hitt, að úrskurður sé fenginn á hendur framfærslumann og hann skyldaður til að greiða í peningum er ljóst, að efnahagur alls þorra manna er hér á landi slíkur, að honum er ómögulegt að greiða stórfé út af heimilunum, þó að vel megi standa undir lögskyldum, ef fullnægja má þeim viðurgerningi á heimili. Við þessa þjóðfélagshættu verður að miða ákvæði laganna. Þitti það og að vers því hættuminna sem hér er um vandamann að ræða, og ótekt að láta krit þeirra í milli verða almenningu í landinu til útgjalda. En svo verður í run og veru, þó að formleg skylda sé lögbá framfærslumann til að greiða það, sem hann getur ekki af höndum innt út af heimili sínu.

Um 3. gr.

Ákvæðið er sjálfsögð afleiðing þess, sem 1. gr. var legt til.

Um 4. gr. Þá er gjöld um ófærtum staðum.

Vitað er, að enganveginn fer ettið saman fast aðsetur og greiðsla almennra gjalda á þeim stað. Ákvæðið um almenn gjöld skapar því einungis óvissu og er til hins verra. Hinsvegar er þetta auðvitað eitt af því, sem taka verður tillit til, þegar gera skal sér ljóst, hvort um fast aðsetur sé að rudda, en sem beint skilorð á það ekki við. Er því sjálfsgagt að fella það niður.

Um 5. gr. Þá er gjöld um ófærtum staðum.

Hér er ráð fyrir því gert, að sú meginregla haldist eftir sem áður, að enginn sveitfestitími sé, heldur öölist maður þegar framferslurétt á einhverjum stað, þegar maður hefur tekið sér par lögheimili. Hinsvegar er niður felt fyrirmelið um, að bessi regla taki einnig til þeirra, sem þegar eru á styrk, og er rétt um þá í næstu grein á eftir. Þá er berum örðum tekið fram, að maður öölist ekki framferslurétt með dvöl sinni á einhverjum stað til lískninga eða heilsubótar. Þetta er alveg samsvarandi dvöl á sjúkrahúsi og á heilsuháli, og sjálfsgagt að láta hið sama gilda um hvorutveggja. Mun og eðlilegast að líta svo á, að sú regla gildi nú þegar, en til frekara öruggis er rétt að segja þetta ótvírætt.

Rýmeli er þar á móti það, að sé, er einhversstaðar hefur átt slíka dvöl, vinni sér ekki framferslurétt, en þó þar sem hann tekur sér heimili að dvölinni lokinni, fyrr en hann hefur komist ~~með~~ af styrklaust í tvö ár óslátið. Þetta ákvæði er nauðsynlegt vegna þess, að reynslan sýnir, að meðun, sem verið hafa á spítöllum og öðrum slíkum stofnunum, setjast mjög oft að nrri <sup>þær</sup> spítöllum að dvölinni lokinni. Getur það og verið <sup>með</sup> <sub>mið</sub> persun

alls-endis neuðsynlegt, því að þótt þeir séu að nafni til vinnuferir, þá getur þó mjög á ýmsu oltið um það, og þeim í alla staði verið hentara að breyta sem minst um dvalarstað. Þn þessi dvöl þeirra er í rauninni beint framhald af hinni fyrri og rétt að láta sömu reglur gilda. Hvernig sem á er litið er mjög óannagjarnat að skylda þá sveit, er þeir setjast að í, til þess að taka við framferalu þeirra, meðan alveg er óvist, nema þær ásteður, er í upphafi leiddu til dvalar þeirra, taki sig upp af nýju. Hafa og komið fram kvartanir um, að t.d. veri smast við fyrverandi berklasjúklingum narri berklahelunum af ótta við, að þeir yrðu þer til sveitarþyngsla. Með því að láta þá halda fyrri framferslusveit án tillits til þess, hvar þeir settast að, mundi úr þessu bett. Óli rök hníga því að því, að þessir menn haldi sinni fyrri sveit þangað til verulegar líkur eru að því farðar, að þeir séu orðnir semilega heilir. Þn það, að þeir hafa komist styrklaust af í 2 ár, bendir mjög sterkelega í þá átt.

Um 6. gr.

Hinn af verstu göllunum á nágildandi framferslulöggjöf er sá, að þeir, sem eru á styrk, vinna sér framferslusveit um leið og þeir hafa einhversstaðar tekið sér lögheimili. Slíkt ákvæði mun vera einsdæmi og er t.d. ekki í dönsku framferslulöggjöfinni, er þó gengur mjög langt í þá átt að afnema sveitfestitíma, og höfð var að þessu leyti til hliðsjónar við setningu framfersalulagsanna 1935. Með þessu ákvæði laganna er beinlínis ýtt undir sveitarstjórnir að ~~ýta undir~~ <sup>komu</sup> sveitarstjórnir að ~~ýta~~ þurfumönum af sér á aðrar sveitir. Við slíku er raunar reynt að gera annarsstaðar í lögunum, en það er, að þvílikar tiltektir

sveitarstjórnar er mjög erfitt að sanna, þó að á hvers manna vitorði séu, og að viðurlög laganna eru alisendis ófullnægjandi. Þn einnig þó að svo standi á, að sveitarstjórn eigi engan þátt í sveitarflutningi þurðamanns, þá er ákvæðið engu að síður mjög varhugavert, því að þurðmann vilja miklu síður dvelja í hinum fénennari héruðum, þar sem öllum er kunnugt um hagi þeirra og með hverjum hætti þeir ~~þessar~~ <sup>vernd af</sup> líf. Þeir sekja því allir á hina fjölmennu staði, þar sem minna ber á þeim og ekki er verulega eftir þeim tekið. Þn með þessum hætti verður þurðmannabunginn á hinum fjölmennari stöðum lítt barilegur, og sveitarfélögin sligast hvort af öðru undan honum. Loks er á það að líta, að með þessu safnaði þurðmannir þangað sem dýrast er að framfara þá, og kemur það vitanlega áður en lýkur niður á þjóðfélaginu öllu.

Verður því ekki um það deilt, að nágildandi ákvæði eru ótek og að þótt sveitfestitími eigi ekki ~~sígi ekki~~ almennt við, þá sé hann óumflýjanlegur, þegar svo standur á, sem hér um eru. Um það má vitanlega deila, hversu langur hann skuli vera, en minna en 2 ár koma naumast til reina. Þá þykir og sjálfsagt að láta hið sama ganga yfir þá, sem á styrk voru skömmu áður en þeir fluttu, og hina, sem einmitt þá eru styrkþegar. Þila verri sveitarstjórnunum í löfa lagið að ýta af sér nægra ára styrkþegum með því að meita þeim/styrk og neyða þá þannig til að flytja. Ef halda á þeirri reglu almennt að hafa engan sveitfestitíma verður að gera frá henni þer undantekningar, er komi í veg fyrir algera upplausn í þjóðfélaginu.

Um 7. gr.

Í sjálfu sér má um það deila, hvort heppileg séu ákvæði 15.gr. framfarsalulaganna um, að

fósturforaldrar geti haldið barni fyrir lögskyldum framferslumanní, sem barnaverndarnefnd eða hreppsnæfnd telur ekki óhafan til sô ala barnið upp. Þen hitt er alveg fráleitt sô láta þetta verða til þess, sô sveitar sjóður greiði meðgjöf, sem hann slyppi fré, ef barnið væri hjá lögskyldum framferslumanní. Hér er farið fram á sô leiðréttu ~~þessa fimm~~, og er þess sô gæta, sô brátt fyrir það helst vitanlega heimild til þess sô taka barn af lögskyldum framferslumanní, ef hann telst óhæfur til uppeldisins. Breytingarnar valda barninu því engu tjóni, heldur einungis losa sveitarsjóð við óþörf útgjöld.

Um 8. gr.

Ákvæði þetta er nýmeli og er í samræmi við það, sem í Danmörku gildir um íslenzka ríkisborgara. Ýkir fara best á því, sô í báðum ríkjunum gildi um þetta hliðsteðar reglur, enda munu þessi sérákvæði ekki haldast lengur en jafnréttisákvæði sambandslaganna.

Um 9. gr.

Núgildandi fyrirmeli 21. gr. framferslulaganna ganga lengra um greiðsluskyldu íslenzka ríkisins á styrk veittum erlendis til íslenzkra ríkisborgara en tilókanlegt er. Þegt er til, sô upp verði tekin sama regla og önnur ríki fylgja í þessu efni, og sýnist það sjálfsagt.

Um 10. gr.

Eftir núgildandi lögum er miðað við meðalmeðlag, þar sem ekkjan á heima, þó sô barnið eigi heima annarsstaðar. Kostnsðurinn fer vitanlega eftir heimili barnsins, og er því auðsætt, sô við það ber sô miða.

Um 11. gr.

Til samræmis við ákvæðin um, sô sá, sem þiggur styrk, vinni sér ekki nýja sveit með flutningi sínum,

verður að setja hliðstæð fyrirmeli um ekkjur, sem fengið hafa meðlagsúrskurði með börnum sínum. Ef endanleg greiðsluskylda á úrskurðinum sttti sem nú að hvíla á þeirri sveit, sem heimili þeirra hverju sinni er í, mundi það valda því, að þær varu öðrum fremur hraktar á milli sveita og hafa í för með sér margskonar ranglisti. Höllilegast er, eins og hér er gert, að leggja yfirleitt hina endanlegu greiðsluskyldu á þá framfærslusveit, er meðurinn átti, er hann andabóist, án tillits til síðari flutninga ekkjunnar. Það hafi ekkjan komist af um langt skeið meðlagslaust og flutt brott úr þessari sveit mundi þó ósanngjarnt að láta hana greiða. Þess vegna er fyrirmelið um, að sú framfærslusveit, er ekkjan á, þegar hún krefst meðlagsins skuli stfið, án tillits til síðari flutnings, greiða það, ef hún krefst þess þegar meira en tvö ár eru liðin frá dœuda mannsins.

Að því leyti, sem ekkjan kann hinsvegar jafnframt meðlögunum að burfa á eiginlegum framfærslustyrk að halda, hagga essi fyrirmáli engu frá almennu reglunni um hvaða sveit skuli reiða hann. Réttarstaða ekkju verður yfirleitt betri vegna pessa ákvæðis en ekki lakari.

Um 12. pr.

Rétt þykir sö hafa beina heimild fyrir kosningu varamanna, þar sem hún er nauðsynleg og tíðkuð.

Böllilegt er, að kjörtí abil framfærslunefndar sé hið sama og annara fastra nefnda, en bajarstjórn kýs. Flokkahlutföll og aðstæður eðler geta breyst á svo löngum tíma sem kjörtímabili bajarstjórnar, og er engin ástæða til að miða við það um þessa nefnd fremur en aðra.

Um 13. gr.

Á neyðartímum er hugsanlegt, að skattgreiðendur geti ekki innt sín hendi miklar peningagreiðslur til framfærslumála, en séu þó farir um að láta í té mat o.p.h. á heimilum sínum. Þó að þessi háttur væri á hafður mundi það enganveginn leiða til þess að himilum styrkþega yrði sundrað, því að banninu gegn slíku er haldið. Breytingin mundi þvert á móti ~~leiða til þess~~, <sup>hafi ipða undari</sup> að illa stæðum sveitarfélögum yrði fært að láta styrkþegum í té samskonar viðurværi og skattþegar þess fá, þó að beinar fjárgreiðslur til þeirra væru útilokaðar.

Um 14. gr. Um 14. gr. Et nái á líðni, þar sem vinnu líns og fyr segir er sjálfsagt að halda banninu gegn því að leysa upp heimili og skilja hjón samvistum. Þetta bann má þó ekki verða til þess, að menn geti sköttið sér undan eðlilegri atvinnusókn, t.d. að fara í ver, kaupavinnu, vegavinnu o.p.h. með því að segja, að slikt hefði samvistaslit í för með sér. Rétt er, að þetta sé berum örðum fram tekið, þó að það vafalaust felist í núgildandi lögum.

Um 15. gr. Um 15. gr. Et nái fyrir þátt. Mundi E.t.v. felst ákvæði þetta í fyrirmeli framfærslu-laganna um, að sveitarstjórnunum sé heimilt að fara með fjákröfur styrkþega á hendur öðrum mönnum. Þar sem nokkur vafi hefur þó þótt á þessu leika er réttara að taka það fram berum örðum fram, enda er styrkþega jafn-framt fenginn réttur til að skjóta ágreiningi um þetta til yfirvalds, en síðan má bara hann undir ráðherra.

Að þessu leyti er réttsræða styrkþega því gerð betri en ella væri, en hitt auðsjánlega öllum til hagsbóta, að þei styrkþegum, sem ekki kunna með kaup sitt að fara, sé varnað þess að sólunda því. Nauðsynleg afleiðing þess fyrirmælis er það, að kaupgreiðendur, sem van-rekja að hlýða fyrirmelum sveitarstjórnar í þessu efni, ábyrgist þá vanrekslu.

Um 16. gr. lögreglustjóra í Reykjavík

Nokkuð hefur á því borið, að styrkþegar hafa reynt að leyna tekjum af vinnu, sem þeir hafa haft. Ekki er heldur alveg ópekt, að þeir hafi skotið peningum undan. Ákvæði þessarar greinar eru til þess að luð að hægara sé að koma í veg fyrir þetta.

Um 17. gr. tilgreindum ylde sveitarstjórn

Núgildandi fyrirmeli hafa ekki þótt veita sveitarstjórnunum nágu rúma heimild til þess að vísa styrkþegum til vinnu. Ekki er nágu skyrt kveðið á um, að heimilt sé að koma mönnum í vinnu utan heimilißveitar þeirra. Þr sélikt þó alveg nauðsynlegt hér á landi, þar sem vinnu er að fá á mismunandi stöðum eftir árstíðum. Þá er kaupgjaldsákvæði núgildandi lega einnig óljóst og óheppilegt. Virðist helst miðað við kaupgjald á heimili styrkþega, þó að sjálfsagt veri, ef ákvæðinu veri haldið, að miða við vinnustæðinn. En rétt er að fella þetta ákvæði alveg niður, vegna þess að sá, sem ekki fer séð fyrir sér og sínum getur ekki meðan svo er, gert frekari kröfur en honum sé séð farborða, en á ekki neina heimtингu á tilteknu kaupi meðan svo er fyrir honum statt. Mundi og oft svo ástatt, að styrkþegi hefði ekki fulla starfeskrafa, og er kaupgjaldsákvæðið pá ~~rétt~~ Niðurfelling ákvæðisins hefur hinsvegar í för með sér enga hattu á að sveitarstjórn misbeiti valdi sínu, því að styrkþegi getur sköttið máli sínu til lögreglustjóra framfarslusveitar, og þaðan má áfrýja málínu til ráðherra. Ífrýjunarrétturinn til ráðherra er nýr og er til aukins öryggis.

12. mgr. er berum orðum tekið fram, að heimildin til að láta barnsföður vinnu eða fangelsi taki jafnt til feðra skilgetinna sem óskilgetinna barna. Þetta er

gert, vegna ~~mang~~ úrskurðar lögreglustjóra í Reykjavík og stjórnarráðs í gagnstæða átt, og er með þessu komið í veg fyrir allan frekari misskilning um efnið.

Um 18. gr.

Framfarslulöginn leggja í ýmsum samböndum skyldu á sveitarfélag til þess að annast greiðslur fyrir annað sveitariélag. Hér á hið greiðsluskylda sveitarfélag ekki um neitt að velja. Það verður að inna af hendi, hvort sem það vill eða ekki og jafnvel þó að það hafi margreynt hitt sveitarfélagið að óskilsemi. Þegar svo standur á er það eðlilegast, að sá, sem leggur því greiðsluskylduna á herðar, ábyrgist endargreiðslu<sup>quidren</sup> fari fram. Hér er því lagt til, að ríkið ábyrgist þessar greiðslur milli sveitarfélaga. Til ábyrgðarinnar kemur vitanlega ekki fyrr en reynt hefur verið á venjulegan hátt að ná greiðslunni hjá því sveitarfélagi, sem endanlega skyldi greiða. Áhetta ríkissjóðs í þessu efni er heldur ekki ýkja mikil, þar sem ríkið á að inna ýmsar greiðslur af hendi til sveitariélagans enna t.d. úr jöfnunarsjóði, og getur því skuldajafnað. Það hvað sem um það er, þá leiðir það af ákvæðum þessa frumvarps um sveitfestitíða í einstökum tilfellum, þar sem henn er óumflýjanlegur, að tryggja verður, að sveitarfélöggin fái kröfur sínar á önnur sveitarfélög greidd. Að vísu er hegt að hugsa sér, að sveitarflutningar veru teknir upp af nýju og þannig komið í veg fyrir, að nokkrar verulegar skuldir stofnuðust sveitarfélaga á milli. Það ekki hefur þótt fárt að leggja þetta til, og er þá ekki um annað úrræði að ræða en ábyrgð ríkissjóðs.

Að hinn bóginн verður vitanlega að búi svo um, að sú sveit, þar sem styrkþegi er, verði ekki óþarflæga ríf á styrkveitingar í skjóli þess, að hún fái

þar endurgreiddar. Þessvagna er það gert að meginreglu að hún fái einungis endurgreidda 2/3 hluta þess, sem hún hefur greitt. Með því er henni veitt verulegt aðhald, en þó ekki um of illa að henni búið, þar sem hún á greiðslu á þessu vísa, gagnstett því, sem nú er. Þegar sveitarstjórn hefur engin áhrif á, hversu styrkurinn verður hár, svo sem er þegar um yfirvaldsúrskurð er að ræða, er hinsvegar engin hætta á óparfacyðslu af hennar hálfu, og er því atlast til, að þá haldi hún fullum endurgreiðslurétti.

Um 19. gr.

Hér er um að ræða hjálp til styrkpegs í neyð, þar sem óþörf eyðslusemi af hálfu þeirrar sveitar, er fyrst innir greiðsluna af hendi, sýnist ekki komast að. Þar því lagt til, að hún haldi fullum endurgreiðslurétti og að ríkið ábyrgist greiðsluna að fullu.

Um 20. gr.

Rétt þykir að setja stuttan fyrningarfrest á kröfur sveitarfélags á milli, til þess að þar liggi ekki óhefilega lengi í salti og komi fyrst fram seint og um síðir.

Um 21. gr.

Nú er sú sveit, þar sem barnsfædir á lögheimili þegar greiðsla er krafist, endanlega skyld til að greiða meðlagið. Réttara sýnist að miða við gjalddaga meðlagsins, og er lagt til, að svo verði gert.

Sjálfsagt er, að sú sveit, er barnsfædir hverju sinni hefur átt framfærslurétt í, greiði meðlög hans, þó að kröfu hafi ekki strax verið haft að gema hendur því, vegna þess að óvist var, hvar barnsfædir var niður kominn. Fyrir meðlið hefur minni þýðingu en ella vegna þess, að barnsfædir mun eftir frumvarpinu yfirlieitt halda þeirri sveit, er hann átti, þegar greiða

varð fyrsta meðlegið fyrir hann. Ákvæðið getur samt stundum átt við og er því rétt að taka það upp.

Um 22. gr.

Þessari grein er kaupgreiðendum barnsfeðra gert að skyldu að greiða kaupið til sveitarstjórnar eftir kröfu hennar eftir sömu reglum og um aðra styrkþega gildir. Þó er hér að engu miðað við, hvort barnsfeðir kann með fé að fara eða ekki, heldur er heimildin veitt gegn öllum barnsfeðrum. Hefur og reynslan sýnt, að gegn þeim er þörf á harðari ráðum en öðrum.

Um 23. gr.

Grein þessi ákveður, að ef móðir barns giftist skuli hún því aðeins fá greiðslur sambærmt meðlagsúrskurði, að stjúpfaðirinn sé framfarsalupurfi. Þetta leiðir af því, að stjúpfaðirinn/framfarsluskyldur, og er í samræmi við hæstaréttardóma, sem gengið hafa um þetta mál. Hinsvegar stoðar ekki að gera rétt kvenmanna betri, ef þer í stað þess að giftast taka einungis í saman við mann og búi með honum í því skyni að halda meðögum sínum. Þess vegna er lagt til, að sama regla skuli um hvorttveggja gilda, og er svo ákveðið,

t.d. í dönskum lögum. Óllart or leit, ómildorð eða jafn eindum mælilög medlög með konum ephar sem omrændlög.

Um 24. gr.

63.gr. framfarslulaganna á vitanlega einungis við um það, hvenær styrkþegi sé ekki skyldur til að endurgreiða styrk, en fjallar alls ekki um fjárvskifti sveitarstjórnar. Er lagt til, að þetta verði sagt svo skýrt, að ekki verði um vilst.

Um 25. gr.

Hér er ráð fyrir því gert, að styrkþegar flytji sveitarfélaga á milli að tilhlutun sveitarfélaga, án þess að nokkur launung sé á það lögö. Ná vel svo fara, að á næstu árum kveði meira að slikum aðgerðum en

en gert hefur til pessa. Því sö full þörf sýnist vera að beina einhverju af því fólki, sem safnast hefur á þá staði, þar sem það hefur ekki neitt að gera og er þar því einungis sjálfum sér og öðrum til tjóns, þangað, sem lífvenlegra er.

Pegar svo standur á sýnist rétt, að sú sveit, sem styrkþega ráðstaðar standi undir öllum kostnaði við hann, á meðan hann er að koma undir sig fótunum á nýja staðnum. Er því svo ákvæði, að hann geti því aðeins unnið sér fransfærslurétt í hinni nýju sveit, að hann komist af styrklaust í 2 ár óslitið eftir að hann hefur dvalið þar í 4 ár. Átlast er til pess, að dvalarsveitin fái að fullu endurgreiddan kostnað þann, er hún kann að hafa af styrkþega, á meðan hann heldur hinni fyrri sveit, og að ríkissajóður ábyrgist þar greiðslur.

#### Um 26. gr.

Lengdur er fresturinn í upphafi 66.gr. úr 4 mánuðum í 2 ár, þennig að rannsókn á að fara fram, ef maður verður styrkjurfi á líní, sem hann dvelur í einhverri sveit. Jafnframt er gert ráð fyrir, að rannsóknin fari því aðeins frem, að þörf sé á henni, og er það sjálfsagt.

#### Um 27. gr.

Sankvant nágildandi ákvæðum sleppur sú sveit betur við þurfaling sinn, sem með brögðum og undirferli ráðstafer honum í söra sveit, heldur en sú, sem enga dul dregur á, að hún eigi þátt í flutningi hans. Í fyrra tilfellinu verður sveitin að sjá fyrir styrkþega einungis í 3 ár, og vitanlega eingöngu í þeim tilfellum þegar misferli sveitarstjórnar sannast, en í síðara tilfellinu stíð meðan hann þarf á óslitnu sveitarframfari að halda. Ívilk verðlsun á óheiðarleikanum nái vitanlega ekki neinni átt. Hér er þvert á móti lagt

til, að ef síkt misferli af hálfu sveitarstjórnar eða einstakra áhrifamanna sveitarfélags sannast, þá skuli það endurgreiða allan þann styrk, sem maður þarfust í því sveitarfélagi, sem honum var ýtt til. Skiftir þá ekki máli, hvort maður hefur þurft að halda á óslitnu framfari eða ekki. Þnafremur er lagt til í samræmi við næstu grein á undan, að í stað 4 mánaða frests komi <sup>27/4</sup> ~~ársfrestur~~, og er það sjálfsagt.

Um 28. gr. að undir allan þóttunarsíðanum lögum fær Jóhann eldar

Látið er haldast til frekkara öryggis, að ríkissjóður skuli greiða dvalarsveit allan þann kostnað, sem hún verður fyrir, þegar svo stendur á sem hér segir. Í þessu tilfelli þarf dvalarsveitin alls ekki að krefja hina, heldur annast ríkissjóður greiðsluna þegar í stað, en hann fer svo endurgreiðslurétt á hitt sveitarfélagi.

Um 29. gr.

Hér er lagt til að frestur sá sem hreppsnefndir og þajareftjörnir hafa til að skila skýrslum sínum sé lengdur til 1. júní, er það af þeim sökum að skýrslur þessar hafa ekki borist á þeim tíma sem tiltekinn er í lögum og sýlumönnu. Því falið að safna þeim. Átlast er til að ráðuneytið ~~en~~ <sup>geli minn</sup> við öllum skýrslum fyrir 1. júní.

Þú er og gert ráð fyrir að alstaðar í lögum komi örðið ráðuneytisins í stað atvinnumálaráðuneytisins og þykir það betur fara vegna þeirrar skiptingar sem nú er örðin á ráðuneytum.

Um 30. gr.

Um a. og b. lið þeirrar greinar vísast til þess er segir í athugasemdum við 29. gr., því sama ásteða er fyrir hendi um þessar skýrslur og þær er þar getur.

Hinsvegar er rétt að það sé skettstjórinna en ekki tollstjórinna í Reykjavík sem skilar skýrslum þessum því hann hefir þær undir höndum og vinnur úr þeim.

Um 31. gr.

Parfnast ekki skýringa.

Um 32. gr.

Með breytingu þessari er gert ráð fyrir því að Reykjavík, sem sambærmt gildandi lögum fer jöfnun síðar en önnur sveitarfélög, komist undir sömu jöfnunarsákvæði og önnur sveitarfélög landeins. Þru ástæðurnar fyrir því að hafa hana sér í flokki minni er fullkomin jöfnun er framkvæmd og ekki lengur bundin við einar 250 þúsund krónur í því skyni, svo sem áður var. Rétt bykir að léta 10% frádráttarékvæðið halda sér í lögnum vegna þess að með því móti verður meira af fé Jöfnunarsjóðs varið eftir reglu 72.gr. en annars yrði, og verður að telja að það sé róttmætt.

Fá er og niðurlagi greinsrinnar breytt á þann veg, að verði Jöfnunarsjóði bæjar- og sveitarfélaga, sem nú hefur verið falið hlutverk þessa kafla laganna með lögum nr. 69 frá 1937, ekki séð fyrir nægum tekjum, skuli ríkissjóður freiða það sem á vantar til þess að fullkomin jöfnun fáist.

Um 33. gr.

Viðurlög þau er gilda nú, ef skýrslum er ekki skilað á réttum tíma, eru dagsektir sex sýslumenn eða bæjarfógetar ákveðnir. Þessum viðurlögum sunn aldrei hafa verið beitt þó dregist hafi lengi að senda skýrslur. Þau eru þó gagnslaus. Um það, ef dráttur verður á skýrslumum sýslumenns og bæjarfógeta eru engin viðurlög, enda óviðkunnanlegt að setja slik.

Hinsvegar er rétt, ef um vanrekslu verður að ræða  
að sveitarfélög þau sem í hlut eiga missi tilkall til  
greiðalna úr sjóðnum, og að nota megi tölur þeirra  
sveitarfélaga frá næsta ári á undan svo ekki tefjist  
reikningskil þess vegna.

Um 34. gr.

Parfnast ekki skýringa að öðru en því, að breytingin  
undir b. lið leiðir af breytingum þeim, sem lagt er til  
að gerðar verði í 29. og 30. gr.

Um 35. gr.

Parfnast ekki skýringa.

Um 36. gr. og 37. gr.

Greinar þessar parfnast ekki skýringa.

### Viðbótar breytingar.

Við nákvæman samanburð og samlestur, sem nefndin hefir framkvæmt þegar til fulls var gengið frá öllum breytingartillögnum kom í ljós, að í ýmsum <sup>þeim</sup> greinum laganna, sem ekki er að neinu breytt þarf að breyta, samræmisins vegna, nokkrum orðum, og fylgja þær breytingar hér á eftir. Þessar breytingar allar eru beinar afleiðingar breytingartillagnanna í frumvarpinu eins og þær raunar bera með sér og til þess að komast hjá þeirri vinnu að umsteypa þeð frumvarpi og greinar-gerð eru þær látnar fylgja hér með og er ég fús til þess að annast, er frumvarpið fer í prentun, að þær verði þá settar inn sem sérstakar greinar á sinn stað í frumvarpinu og tilvitnun athugasemda samræmd.

Breytingarnar eru þessar:

#### Við 8. gr.

í stað "atvinnumálaráðherra" komi "ráðherra".

#### Við 14.gr.

- a. í stað "heimilissveit" á 4 stöðum í greininni komi: "framfærslusveit".
- b. í stað "lögheimili" í 2.mgr. komi: "framfærslurétt".

#### Við 23.gr.

í stað "atvinnumálaráðherra" í niðurlagi greinarinnar komi: "ráðherra".

#### Við 26.gr.

Greinin falli burtu.

#### Við 60.gr.

í stað "heimilissveit" komi: "framfærslusveit".

#### Við 61.gr.

í stað "heimilissveitar" komi: "framfærslusveitar".

Jónas Guðmundsson.